# Decutan

4. útgáfa öryggis- og fræðsluefnis fyrir sjúklinga

Fræðsluefnið er útbúið og því miðlað/dreift til að uppfylla kröfur lyfjayfirvalda, en markmiðið er að auka öryggi og tryggja rétta notkun lyfsins.

## Áminningarkort fyrir sjúkling

Fyllist út af lækni

**Nafn læknis:**

**Sími:**

**Decutan má ekki nota á meðgöngu.**

Decutan getur valdið ófæddu barni alvarlegum skaða ef það er tekið á meðgöngu.

**Ef þú verður barnshafandi eða þig grunar að þú gætir verið barnshafandi skaltu strax hætta að taka Decutan og hafa samband við lækninn þinn.**

Lestu fylgiseðilinn vandlega áður en þú hefur meðferðina.

**Leitaðu ráða hjá lækninum eða lyfjafræðingi ef þú hefur spurningar eða áhyggjur vegna töku Decutan.**

**Ef þú gætir hugsanlega orðið barnshafandi þarft þú að gera eftirfarandi:**

- **Þú verður að nota að minnsta kosti eina mjög örugga getnaðarvörn (til dæmis lykkju eða vefjalyf) eða nota með réttum hætti tvær öruggar getnaðarvarnir sem virka á misjafnan hátt (til dæmis getnaðarvarnarpillu ásamt smokki) áður en meðferð hefst, allan tímann meðan á meðferð stendur og í einn mánuð eftir að meðferð lýkur.**
- **Þú mátt ekki verða barnshafandi** meðan þú ert að taka Decutan, né í einn mánuð eftir að meðferð lýkur.
- **Þú verður að hitta lækninn þinn reglulega og taka þungunarpróf með reglulegu millibili:**

- Áður en þú hefur meðferðina þarft þú að taka þungunarpróf, sem verður að vera neikvætt.

- Til að ganga úr skugga um að þú sért ekki barnshafandi meðan á meðferðinni stendur þarft þú að taka þungunarpróf reglulega, helst mánaðarlega. Þú átt einnig að taka þungunarpróf einum mánuði eftir að meðferð lýkur.

**Áminning fyrir karla og konur**

Þessu lyfi hefur verið ávísað fyrir þig eingöngu, **þú mátt ekki deila því með neinum og þú verður að skila ónotuðum hylkjum aftur í apótekið.**

**Tímatafla**

Notaðu þessa töflu til að skrá niður hvenær þú átt að hitta lækninn þinn:

**Nafn læknis:**

**Sími:**

| Fyllist út af sjúklingi | | | Fyllist út af lækni |
|---|---|---|---|
| **Dagsetning læknisheimsóknar** | **Getnaðarvörn sem notuð er** | **Niðurstaða úr þungunarprófi** | **Undirskrift** |
| | | ☐ **Jákvætt**<br>☐ **Neikvætt**<br>**Dagsetning:** | |
| | | ☐ **Jákvætt**<br>☐ **Neikvætt**<br>**Dagsetning:** | |
| | | ☐ **Jákvætt**<br>☐ **Neikvætt**<br>**Dagsetning:** | |
| | | ☐ **Jákvætt**<br>☐ **Neikvætt**<br>**Dagsetning:** | |
| | | ☐ **Jákvætt**<br>☐ **Neikvætt**<br>**Dagsetning:** | |
| | | ☐ **Jákvætt**<br>☐ **Neikvætt**<br>**Dagsetning:** | |
| | | ☐ **Jákvætt**<br>☐ **Neikvætt**<br>**Dagsetning:** | |

# Decutan

4. útgáfa öryggis- og fræðsluefnis fyrir sjúklinga